

BYGGINGARLÝSING

Sótt er um leyfi til að reisa sólskála á pall aftan við húsið skv. þessum uppdráttum. Skálinn er IPC Corso, hann er framleiddur úr álprófilum sem eru litaðir svartir. Skálinn er á brautum, en færnlegar einingar sem renna hver undir aðra, mynda þak og framhlíð skálans. Á þann máta er hægt að "fjarlægja" skálann af pallinum þegar vel viðrar, en draga hann yfir þegar þörf er á skjóli. Skálar af þessari gerð hafa verið skilgreindir sem einkonar svalalokanir (B-lokun). Fyrirhugaður skáli er utan byggingarreits.

Einbýlishúsið er byggt úr forsteyptum einingum, sem eru einangraðar að utan og klæddar standandi timburborðum. Húsið hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu er timburþak klætt dökkgráum bárujárn. Sami frágangur verður á geymsluskúr við hlíð hússins. Innveggir eru ýmist forsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

Á jarðhæð hússins eru aðalinngangur, gestasnyrting, eldhús, stofa og borðstofa. Í sambyggðum geymsluskúr verður pláss fyrir hjól og vagna, auk hefðbundins geymslupláss. Á 2.hæð eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi / þvottahús. Öll svefnherbergi hafa aðgang að svölum.

ÞAK. Þak er gert úr 250x50mm sperrum sem hvíla á forsteyptum útveggjum. Einangrað með 225mm þakull með vindvörn, klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur þakpappi og dökkgrátt bárujárn. Á kvistum verður soðinn þakpappi. Loftun þaksins er um a.m.k. tvö 40mm rör með neti í hvorn enda hvers sperrubils, og a.m.k. 25mm loftunarbils milli borðaklæðningar og einangrunar. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 41 gráða, 1-2 gráður á kvistum.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru úr forsteyptum einingum, einangraðir að utan með 100mm steinull og klæddir með lerki timburborðum sem eru fest á grind. Borðin verða látin veðrast.

GLUGGAR. Gluggar eru áklæddir timburgluggar í dökkgráum. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil. Í gluggum þar sem fallhæð utan við glugga er 2.0m eða meiri og neðri brún glers nær gólfi en 0.6m skal glerið í glugganum vera samlímt öryggisgler. Lýsing á gluggum á líka við um frágang á útidryum. Bréfalúga við útidyr verður í 1.0m hæð frá gólfi.

STIGAR OG HANDRIÐ. Innhandrið verða 1.1m há stálhandrið. Frágangur stiga og handriða verði í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist forsteyptir eða úr 70mm grind klæddri gipsi, klæðningar eru í flokki 1.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistu í geymsluskúr. Gólfhitalagnir verða á jarðhæð hússins, en veggofnar verða að auki eftir þörfum (við stóra glugga) og á efri hæð. Í geymsluskúr verða eingöngu veggofnar. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstremmisniðurföllum í öllum votrymum íbúða, þ.e. snyrtingum og þvottahúsum, og í hjólageymslu. Hiti á neysluvatni skal ekki vera hærra en 65°C við vaska (á töppunarstað) skv. staðli ÍST 67-2003.


LOFTRÆSTING RÝMA. Öll rými íbúða skulu loftræst í samræmi við gr.10.2.5 í byggingarreglugerð. Loftræsting skal henta viðkomandi rými þannig að magn ferkslofts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettun útilofts. Útsog skal vera í eldhúsum, baðherbergjum, snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins.

BRUNAVARNIR. Klæðningar í húsinu skulu vera í flokki 1. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Þrjú slökkvitæki verða í húsinu, eitt á hvorri hæð og í geymsluskúr. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.


LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Á lóðinni eru stæði fyrir 2 bifreiðar, og við bílastæðin verður tengibúnaður vegna hleðslu fyrir rafbíla. 2 sorptunnur úr plasti verða í steinsteyptu skýli nærri inngangi og bílastæði.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

MATSHLUTI 1 - ÍBÚÐARHÚS
Birt flatarmál: 143,0m²
Heildarrúmmál: 470,4m³
Skiptarrúmmál: 341,043m³




Grunnmynd efri hæðar
mkv. 1:100



Grunnmynd neðri hæðar
mkv. 1:100

Samþykkt þann
25. MAÍ 2022

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Keldur Þrjámann



Afstöðumynd
mkv. 1:500

SHS
30.11.2021

TÁKN:

- Björgunarop BO 1100x500 ←
- Flóttaleið - - - - - →
- Reykskynjari R
- Slökkvitæki ⚡
- Rýmisnúmer (101)
- Loftræst rými (LR)
- Gólfniðurfall (GN)
- Hitaveita (HV)
- Vatnsveita (V)
- Rafmagnsveita (RV)

B 23.09.21 Sólskála bætt við hús KE KE
útg. dags. skýring teiknað yfirfarið

EINBÝLISHÚS
heimilisfang SUÐURGATA 40 - F2330640
sveitarfélag HAFNARFIRÐI
verkhúti AÐALUPPDRAÐTUR
skýringartexti grunnmynd, afstaða, byggingarlýsing

verknúmer 20/15 landnúmer L122533 staðgreinir 1400-1-84700400

teiknað KE yfirfarið KE kvarði 1:100/500 dags. 02-11-2020

teikning nr. A-201 útgáfa/breyting B AOK ARKITEKTAR

arkitekt / hönnunarstjóri: Kari Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 280 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir höndum.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugið á staðnum.
Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.